



Reglur um skammtímadvöl fyrir fötluð börn og ungmenni

Reglur Skagafjarðar um skammtímadvöl grundvallast á 17.gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og reglugerð nr. 1037/2018 um starfsemi og aðbúnað á skammtímadvalarstöðum.

1.gr.

Markmið

Skammtímadvöl er tímabundin dvöl fyrir fötluð börn og ungmenni með umfangsmiklar og langvarandi þjónustuþarfir til hvíldar eða vegna erfiðra heimilisaðstæðna, svo sem vegna veikinda eða annars álags.

2. gr.

Markhópur

Börn og ungmenni, 24 ára og yngri, sem búa í foreldrahúsum eða hjá öðrum nánum ættingjum, á þjónustusvæði Norðurlands vestra í málefnum fatlaðs fólks skulu ganga fyrir um þjónustu skammtímadvalar, enda hafi þeim ekki boðist búseta með viðeigandi þjónustu sem uppfyllir þarfir þeirra. Þá er heimilt að veita fullorðnu fötluðu fólki sem býr í foreldrahúsum skammtímadvöl meðan beðið er eftir annarri þjónustu.

Heimilt er að veita öðrum skammtímadvöl eftir því sem eftirspurn og aðstæður leyfa hverju sinni.

3. gr

Gjaldskrá

Þjónusta í skammtímadvöl er dvalargestum að kostnaðarlausu. Þeir skulu þó standa straum af kostnaði vegna frístunda á meðan þeir dvelja í skammtímadvöl.

Akstursþjónusta á meðan dvöl stendur er greidd af lögheimilissveitarfélagi.

Þjónustuþegar skammtímadvalar sem náð hafa 18 ára aldri geiða fyrir fæði á meðan á dvöl stendur. Greitt er samkvæmt gjaldskrá fyrir skólafæði sem finna má á vef Skagafjarðar samkvæmt gildandi gjaldskrá hverju sinni.



4. gr

Skipulag þjónustu

Skammtímadvöl getur annars vegar verið reglubundin dvöl samkvæmt fyrir fram gerðri áætlun og hins vegar neyðarvistun til að mæta óvæntum áföllum í fjölskyldum.

Fjórum sinnum á ári er gerð áætlun um fyrirkomulag þjónustunnar sem byggð er á óskum, samþykktum dvalarsólarhringum og fyrirsjáanlegum þörfum foreldra.

Forstöðumaður skammtímadvalar situr teymisfundi varðandi einstök börn.

Áætlun skal vera til staðar til að mæta neyðarvistun.

Viðmið um hámarksþjónustu er önnur hver vika eða fjórtán dagar í mánuði.

Heimsóknir forráðamanna/foreldra/aðstandenda eru skipulagðar í samvinnu við forstöðumann eða tengilið skammtímadvalar.

5. gr

Ferill umsókna

Sótt er um þjónustu skammtímadvalar í gegnum íbúagátt á heimasíðu Skagafjarðar.

6. gr

Afgreiðsla umsókna

Fagteymi sem er skipað af félagsmálastjóra Skagafjarðar meturog afgreiðir umsóknir og tekur fyrir kvartanir sem berast varðandi þjónustuna.

Við afgreiðslu umsókna skulu börn í umönnunargreiðsluflokkum Tryggingastofnunar ríkisins 1 og 2 og ungmenni í stuðningsflokki SIS 10 eða hærri njóta forgangs.

- Flokkur 1, 85-100% mat. Börn, sem vegna mjög alvarlegrar fötlunar, og/eða fjölfötlunar, eru algjörlega háð öðrum með hreyfifærni og/eða flestar athafnir daglegs lífs.
- Flokkur 2, 85% mat. Börn, sem vegna alvarlegrar fötlunar þurfa aðstoð og nær stöðuga gæslu í daglegu lífi t.d. vegna alvarlegrar eða miðlungs þroskahömlunar, og/eða hreyfihömlunar, sem krefst notkunar hjólastóls, verulegrar tengslaskerðingar, einhverfu, heyrnarskerðingar, sem krefst notkunar táknmáls/varalesturs og/eða blindu.



Ákvörðun um dvalartíma er byggð á einstaklingsmiðuðu mati út frá umsókn og þeim gögnum sem aflað er. Við matið er m.a. litið á fötlun, umönnunarþyngd, aldur umsækjanda, fjölskylduaðstæður og aðra þjónustu sem fjölskyldan fær. Umsóknir foreldra um stuðning heim í stað skammtímadvalar eru metnar sérstaklega, hvort og hvernig hægt er að veita þá þjónustu.

7.gr.

Framkvæmd þjónustunnar

Eftir samþykkt þjónustunnar eru aðstandendur og umsækjandi, ef við á, boðaðir á fund til að gera samning um þjónustuna. Þjónustusamningurinn lýsir þörfum fyrir þjónustu, er einstaklingsmiðaður og inniheldur meðal annars upplýsingar um skipulag og framkvæmd þjónustunnar og samskipti við aðstandendur.

Þjónustusamningur skal vera tilbúinn til undirskriftar innan þriggja mánaða eftir að þjónusta hefst.

Tengiliður skammtímadvalar hefur það hlutverk að samræma þjónustu með gerð einstaklingsbundinnar þjónustuáætlunar ef við á.

8. gr.

Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í stafi sínu er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

9.gr.

Rangar eða villandi upplýsingar

Þjónusta sem veitt er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi þess er aðstoðina fær er í öllum tilfellum endurskoðuð.

10. gr.

Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum

Félagsmálastjóri Skagafjarðar eða starfsmenn í umboði hans taka ákvarðanir um framkvæmd þjónustunnar samkvæmt reglum þessum þegar búið er að afgreiða umsókn samkvæmt 1. mgr. 6. gr.



11. gr.

Kynning á ákvörðun

Kynna skal niðurstöðu umsóknar innan 14 daga frá ákvörðun. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og reglna sveitarfélagsins um skammtímaþjónustu og kynna honum um leið rétt hans til áfrýjunar til Félagsmála- og tómsbundanefndar Skagafjarðar.

12. gr

Málskotsréttur

Telji umsækjandi á rétt sinn hallað skv. reglum þessum er honum heimilt að vísa ákvörðun fagteymis til Félagsmála- og tómsbundanefndar Skagafjarðar innan fjögurra vikna frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Félagsmála- og tómsbundanefnd skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

Umsækjandi getur skotið ákvörðun Félagsmála- og tómsbundanefndar til Úrskurðanefndar velferðarmála, sbr. lög um úrskurðarnefnd velferðarmála nr. 85/2015. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun velferðarráðs.

13. gr.

Skipulag þjónustu

Umsækjandi getur óskað þess að mál sé tekið til meðferðar á ný ef afgreiðsla Félagsmála- og tómsbundanefndar á umsókn hans hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum gögnum eða ef upplýsingar um málsatvik eða ákvörðun hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin. Beiðni um endurupptöku skal beina til Byggðarráðs Skagafjarðar, innan þriggja mánaða frá birtingu ákvörðunar. Meti Byggðarráð að lagaleg skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi er erindi um endurupptöku vísað aftur til nefndarinnar til málsmeðferðar. Efnisatriði máls skulu ekki lögð fyrir Byggðarráð.

14. gr

Gildistaka

Reglur þessar taka gildi 1. janúar 2024

Samþykkt í sveitarstjórn Skagafjarðar þann 13.9.2023
Samþykkt í sveitarstjórn Skagabyggðar þann 10.08.2023
Samþykkt í sveitarstjórn Húnabyggðar þann 8.8.2023
Samþykkt í sveitarstjórn Húnaþings vestra þann 10.8.2023
Samþykkt í sveitarstjórn Svf. Skagastrandar þann 23.8.2023

